

Fundur minjaráðs Vesturlands 16. maí 2018

Fundurinn var haldinn í húsnæði Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi, og hófst kl. 10:10.

Fundinn sátu: Ágúst Ólafur Georgsson, Einar Brandsson, Eypór Garðarsson, Magnús A. Sigurðsson og Sigurður Þórólfsson. Hulda Guðmundsdóttir og Jón Heiðar Allansson höfðu boðað forföll.

1. Aðlögun menningararfs á norðurslóðum

Magnús kynnti samstarfsverkefnið „aðlögun menningararfs á norðurslóðum“ en að því standa þátttakendur frá Íslandi, Noregi, Rússlandi, Skotlandi og Svíþjóð. Minjastofnun Íslands er fulltrúi Íslands í stjórn þessa verkefnis. Framlag Íslands verður vöktun minja í Skaftártungu í Austur-Skaftafellssýslu og á Öndverðarnesi á Snæfellsnesi. Fyrirhugað er að koma upp vöktunarkerfi til reynslu í samstarfi við almenning á þessum tveimur svæðum áður en það verður sett upp á fleiri stöðum. Helstu ógnanir við minjar á framangreindum stöðum eru landbrot, hækkun sjávar, eldgos og túrismi.

2. Uppbygging innviða til verndar menningar og náttúrminja

Magnús sagði frá því að í *Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja – verkefnaáætlun 2018-2020* sé lagt til að 158.700.000 kr. renni til verkefna á Vesturlandi. Meðal þeirra verkefna sem lagt er til að hljóti styrk eru Djúpalónssandur, Eldborg á Mýrum og Snorralaus. Aðallega verður um að ræða viðhald, verndar- og öryggisaðgerðir og afmarkaða uppbyggingu. Nokkrar umræður voru um þetta mál og kom m.a. fram að beiðni um að setja upp bílastæði á Öndverðarnesi hafi þegar borist sveitarstjórn Snæfellsbæjar.

3. Önnur mál

Magnús greindi frá því Skorradalur sé eina fyrirhugaða verndarsvæðið í byggð á Vesturlandi. Nokkurrar ónægju hefur gætt hjá fólki með þessa ráðstöfun og hafa því komið fram hugmyndir um að halda kynningarfund eða málþing til upplýsa almenning um út á hvað þetta gengur.

Samþykkt var að senda bréf til Minjastofnunar Íslands vegna fornleifa á Gufuskálum sem eru í bráðri hættu vegna ágangs sjávar. Magnúsi, sem formanni minjaráðs Vesturlands, var falið að koma bréfinu til skila. Bréfið er svohljóðandi:

Minjastofnun Íslands

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður

Á síðasta ári lagði Minjaráð Vesturlands til við Minjastofnun Íslands að sérstaklega verði hugað að fornleifum á Gufuskálum á Snæfellsnesi sem eru í hættu. Eyðilegging minja af völdum sjávar í stórum stíl er þegar hafin, eins og vitað er, en ráðinu er kunnugt um að landbrot hefur haldið áfram í vetur og nú á fleiri stöðum en áður. Ráðið hefur miklar áhyggjur af þessari þróun og vonast til að Minjastofnun taki þetta mál til athugunar með farsæla lausn í huga. Ráðið er sammála um að annaðhvort verði að rannsaka þessar minjar strax (neyðaruppgröftur) eða að búa til varnargarð, líkt og við Írska brunn, en líklega þó

hvort tveggja. Hin forna verstöð á Gufuskálum er meðal merkustu fornleifastaða hér og landi og má ekkert koma í veg fyrir að bjarga mikilvægum upplýsingum frá glötun sem þar leynast í jörðu.

*Fyrir hönd minjaráðs Vesturlands
Magnús A. Sigurðsson formaður*

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 11:30.

Ágúst Ólafur Georgsson fundaritari